

## Námsvandi?

Boðið er upp á ráðgjöf og þjálfun vegna sértækra námsörðugleika, t.d. af völdum lestrarhömlunar eða ADHD.

## Námsumhverfi

Áhersla er lögð á að skapa notalegt og öruggt vinnuumhverfi þar sem öllum getur liðið vel. Þannig getur hver og einn náð árangri í samræmi við getu sína og markmið.

## Skóladagatal

Skipulag skólaársins fylgir skóladagatali grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er gert til þess að samræma frídaga nemenda og barna þeirra.

## Árangur

Rannsóknir á stöðu einstaklinga fyrir og eftir nám við Hringsjá sl. 20 ár sýna ótvíræðan árangur:

- Einstaklingum með atvinnutekjur fjölgaði úr 4% fyrir nám í 42% eftir nám.
- 91% fannst námið nýtast mjög eða nokkuð vel.
- Einstaklingum eingöngu á örorku- eða endurhæfingarlífeyri fækkaði úr 87% fyrir nám í 48% eftir nám.
- Yfir 60% hefðu viljað hafa námið lengra.

## Hvernig er sótt um hjá Hringsjá?

Hægt er að sækja um nám eða námskeið hjá Hringsjá í Hátúni 10d, 105 Reykjavík.

Umsóknareyðublað má sækja á heimasíðuna.

Inntaka nemenda fer fram tvisvar sinnum á ári.

Umsóknarfrestur fyrir vorönn er 15. nóv., en umsóknarfrestur fyrir haustönn er 15. maí. Með umsókn um nám þarf að liggja fyrir:

- Útfyllt umsókn
- Meðmælabréf/tilvísun frá sérfræðingi (lækni, ráðgjafa e.þ.h.)
- Gögn vegna fyrra náms (ef það á við)
- Viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa
- Umsækjandi þarf að hafa lokið a.m.k. einu námskeiði hjá Hringsjá

## Nánari upplýsingar á heimasíðunni

Á heimasíðunni okkar [www.hringsja.is](http://www.hringsja.is) má finna nánari upplýsingar um starfsemi Hringsjár, svo og þennan bækling í PDF skjali.



# Hringsjá

Náms- og starfsendurhæfing

Hátúni 10d  
105 Reykjavík  
[www.hringsja.is](http://www.hringsja.is)  
Sími: 510 9380  
Netfang: [rlinda@hringsja.is](mailto:rlinda@hringsja.is)



# Hringsjá

Náms- og starfsendurhæfing



Endurhæfing  
fyrir  
betra líf

## Fullt nám: Námsgreinar

Þær endurspeglu þau markmið Hringsjár að efla almenna þekkingu, sem undirstöðu við frekara nám og auka lífsgæði nemenda.

- Bókfærsla, rekstur og fjármál
- Enska
- Félagsfræði
- Íslenska
- Leiklist
- Myndlist
- Náms- og starfsfræðsla
- Námstækni
- Sálfræði
- Stærðfræði
- Tjáning
- Upplýsingatækni
- Vélrítun

## Námskeið

- Bókhalð og Excel
- Davis lesblinduleiðrétting
- Enska fyrir byrjendur
- Í fókus – að ná fram því besta með ADHD
- Minnistækni
- Sjálfsstyrking
- Stærðfræði fyrir byrjendur
- Tölvubókhalð
- Tölvur – grunnnámskeið
- Úr frestun í framkvæmd

Námskeiðin eru almennt 20 klst. að lengd og kennt er tvo seinni parta í viku, oftast þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 14:30 – 16:30.

## Nám í Hringsjá

Náms- og starfsendurhæfing Hringsjár felst í margvíslegum styttri námskeiðum og í fullu námi á framhaldsskólastigi. Námið getur allt verið einingabært og tekur almennt 1,5 ár. Samhliða náminu er boðið upp á margvíslegan stuðning, ráðgjöf og eftirfylgni eftir að námi lýkur.

## Fyrir hvern?

Nám hjá Hringsjá er ætlað nemendum 18 ára og eldri sem orðið hafa fyrir slysum, veikindum, áföllum eða búa við erfiðar aðstæður. Námið getur líka hentað þeim sem eru með litla grunnmenntun eða sértæka námserfiðleika.

## Námsmarkmið

Markmiðið er að gera nemendur færa um að takast á við nám í almennum framhaldsskólum og/eða fjölbreytt störf á almennum vinnumarkaði.

## Að námi loknu

Hluti af náminu er að undirbúa og skipuleggja áframhaldandi nám eða atvinnuþátttöku eftir útskrift.

## Starfsemi Hringsjár

Hringsjá náms- og starfsendurhæfing hefur verið rekin af Öryrkjabandalagi Íslands frá árinu 1987 og er því frumkvöðull á þessu sviði. Hringsjá starfar á grundvelli laga um vinnumarkaðs- aðgerðir, almannatryggingar og málefni fatlaðra.

## Skipulag kennslunnar?

Almennt er kennt í 8 – 12 manna hópum. Kennslan stendur frá kl. 8:50 til kl. 14:00 nema á föstudögum er kennt til kl. 12:10.

## Sérstaða

Kennarar okkar eru sérhæfðir í því að aðlaga kennsluáferðir og hraða að þörfum hvers og eins nemanda. Leitast er við að nota skapandi og lifandi aðferðir við námið.

## Námsmat

Þeir nemendur sem stefna á nám í framhaldsskólum fá metnar þær einingar sem þeir ljúka á framhaldsskólastigi hjá Hringsjá.

## Ráðgjöf

Nemendur hafa aðgang að náms- og starfsráðgjöf og persónulegri ráðgjöf, þar á meðal hjá sálfræðingi. Gerðar eru endurhæfingar-áætlanir og persónuleg markmið sett. Ef nemandi hefur þörf fyrir sálræna meðferð, greiningu eða þess háttar er leitast við að bregðast við því á viðeigandi hátt.

## Kostnaður

Nemendur Hringsjár njóta oftast endurhæfingarlífeyris, örorkubóta, atvinnuleysisbóta eða annarrar félagslegrar aðstoðar. Fjármagn til skólans kemur að mestu frá Félagsmálaráðuneytinu og Tryggingastofnun ríkisins, en nemendur greiða námskeiðs-, bækur og efnisgjöld á bilinu 13 - 30 þúsund.